

**Fundur starfshóps um styttingu vinnuviku miðvikudaginn 17.október 2018, haldinn í fundarherberginu Keili á Skrifstofu fræðslu- og fristundaþjónustu Hafnarfjarðar. Fundinn sátu:** Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, Hrund Apríl Guðmundsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Arnrún Einarsdóttir, Árný Steindórsdóttir

Dagskrá fundar er að fara yfir verkefni hópsins og erindisbréf sem er hér í viðhengi ásamt minnsblöðum frá Fanneyju Dóróthe fræðslustjóra og Berglinni fyrrverandi mannauðsstjóra Hafnarfjarðarbæjar ásamt því að gera drög að tímalínu fyrir verkefnið og ákveða fundartíma vetrarins fyrir starfshópinn.

Starfshópnum er ætlað að skila af sér tillögum í marslok 2019. Samþykkt er að fundir eru á 3ja vikna fresti kl. 8.45 á miðvikudagsmorgnum. Hrund Apríl sendir fundarboð fram til mars 2019.

Hugmyndum er varpað fram:

- Tveir skólar verði valdir
- Að ákveðið sé hvaða kröfur skólarnir þurfa að uppfylla (setja það )
- Að setja mælingar við verkefnið ( ákveða mælikvarða)
- Umræða um kjarasamninga – að hafa það til hliðsjónar að þeri gæti haft áhrif
- Er þessi hópur starfsfólks rétti hópurinn til að fara af stað í þetta (kynjaumræða, kvennastétt)
- Er þörf á að gera sömu tilraun og Reykjavík
- Hvar er hægt að safna gögnum; Hjallastefnan, Hof
- Fjöldi vinnustunda, hvaða áhrif hefur það á leikskólana í núverandi árferði
- Mælingaáhrif, rætt um áhrif þeirra á verkefnið
- Umræða um hvaða álag þetta gæti valdið sem snýr að skipulagi mönnunnar og mönnun
- Minnisblað frá Rvík.borg sem varðar fjármagn í verkefnið. (mannauðsstjóri sagði frá því)
- Í minnisblaðinu segir að greina þurfi frá því fjármagni sem þarf að koma inn í verkefnið

Vangaveltur og umræður um lengd visturnartíma og opnun skólanna.

Þótt við viljum breytingar þá erum við oft ekki þegar á reynir ekki til í það. Breytingar taka tíma.

Að starfsfólkið skipti innbyggðis á deild ef um „sérfræðingaskrepp“ er að ræða.

Jenný sagði frá heimsókn í leikskólann Hof og fór yfir fundinn sem Jenný og Hrund fóru á.

- Fyrir næsta fund:
- Safna gögnum: fá frá Hjallastefnunni – Jenný
- Jenný sendir glærur og skipulag frá Hofi til hópsins